

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Gísla Torfasonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt lögum nr 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Heimili hans og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Gísla Torfason námsferilsstjóra Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Stofnandi er eftirlifandi eiginkona Gísla, Sumarrós Sigurðardóttir. Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Gísla Torfasonar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem þörf hafa fyrir stuðning til áframhaldandi skólagöngu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2.050.000 kr. er skiptist þannig að Sumarrós Sigurðardóttir, kt. 220253-7599, greiðir 50.000 kr., H.F. verðbréf, kt. 581203-2760, 1.000.000 kr. og Sparisjóðurinn í Keflavík, kt. 610269-3389, 1.000.000 kr. Varsla og ávöxtun sjóðsins skal vera í Sparisjóði Keflavíkur og ávaxtast með tryggilegum hætti.

5. gr.

Tekjur sjóðsins geta verið sala minningarkorta, gjafafé og annað það sem sjóðnum áskotnast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Stofnandi sjóðsins er sjálfkjörinn, fjármálastjóri Fjölbrautaskóla Suðurnesja og þriðji stjórnarmaðurinn er tilnefndur af stofnanda sjóðsins. Láti stjórnarmaður af störfum skal nýr tilnefndur af skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð. Fjölbrautaskóla Suðurnesja er falin framkvæmd þessara þátta. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda sem stofnandi velur og leggja þá fram á aðalfundi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutun sjóðsins fer eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur og skal afhending styrkja fara fram í janúar ár hvert. Halda skal gerðabók um starfsemi sjóðsins þar sem skráðir eru reikningar hans og önnur starfsemi s.s. úthlutaðir styrkir og gjafir til sjóðsins.

8. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal aldrei vera meiri en svo að stofnfé sjóðsins rýrni ekki.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af stjórn og lagðar fyrir sýslumanninn á Sauðárkróki. Ákveði stjórn að leggja sjóðinn niður, skal shann notaður í þágu Fjölbautaskóla Suðurnesja.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 8. febrúar 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.